

veiði valdi þeim, er önnur veiðarfæri noti á umræddu fiskisvæði.

Það virðist vera nægilega upplýst í málinu, að fyrumgetin tillaga hreppsnefndar um leyfi til dragnótaveiða á umræddu svæði, samþykkt 29. okt. 1931, hafi *óbreytt* verið send hlutaðeigandi ráðherra, hvort þetta hefir átt sér stað fyrir eða eftir að stefndur undirskrifaði skuldbindingu sína 1. nóvbr. Það ár um fjárgreiðsluna til hreppsins, og eigi verður álitnið, gegn mótmælum stefnds, að honum hafi verið kunnugt um innihald tillögu þessarar, sem og kemur í bága við skilyrði sett í skuldbindingu hans, en í máli þessu getur aðeins komið til greina, hvort tillaga hreppsnefndar hefir verið í samræmi við skilyrði þessi, en því óviðkomandi hvern framgang tillagan hefði hjá hlutaðeigandi ráðuneyti, eða hvort samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar var lögformleg eða eigi.

Með því nú að álíta verður, að ósamræmi það, er fyrr greinir, á tillögu hreppsnefndar og skilyrðum í skuldbindingu stefnds, sé svo verulegt eða það verið svo þýðingarmikið fyrir stefndan, að ganga meg út frá, að stefndur eigi hefði lofað hinni umstefndu fjárhæð, ef hann hefði vitað að svo var, sem hann og hefir haldið fram, virðist eiga að taka kröfu hans um sýknu til greina, bæði að því er aðal- og aukakröfu stefnanda áhrærir, en málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Mánudaginn 4. nóv. 1935.

Nr. 60/1935. **Hreppsnefnd Gerðahrepps f. h. hreppsins** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn
Albert Bjarnasyni (Enginn).

Greiðsluskuldbinding stefnds dæmd gild gegn mótmælum hans.

Dómur gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. sept. 1933: Stefndur, Albert Bjarnason, á að vera sýkn af kær-

um og kröfum stefnanda, hreppsnefndar Gerðahrepps í Gullbringusýslu, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu útgefinni 11. júní þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 16. maí s. á.

Mál þetta var þingfest 30. sept. þ. á., og hefir stefndi hvorki mætt né mæta látið, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er það dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 8. gr. tilsk. 15. ágúst 1832.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 500.00 með 5% ársvöxtum frá 8. des. 1932 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Haustið 1931 veiddi stefndi, ásamt fleirum formönnum úr Keflavíkurhreppi fisk með dragnót undan landi Gerðahrepps í Gullbringusýslu og gerðist þar með brotlegur við ákvæði reglugerðar nr 57 frá 11. júlí 1923, er þá var enn í gildi samkvæmt 9. gr. laga nr. 55/1933. Rannsókn út af brotum þessum, er hreppsnefnd Gerðahrepps kærði, fór fram í lögreglurétti 26. okt. 1931, en ekki hefir því máli síðan verið hreyft. Hins vegar hélt þáverandi dómsmálaráðherra þann 1. nóv. 1931 fund með hreppsnefndinni og hinum brotlegu formönnum þar á meðal stefnda, sem undirgekkst þá, eins og fleiri þeirra, að greiða til Gerðahrepps tiltekna upphæð, kr. 500.00, „svo framarlega sem hreppsnefnd Gerðahrepps leyfir fyrir sitt leyti og leggur til við at-

vinnumálaráðherra, að opnuð sé fyrir dragnótum landhelgin frá Keflavíkurhreppi og að miði Varaósvitanna saman enda sé leyfilegt fyrir báta með dragnætur að liggja á greindri línu og kasta norður“.

Af flutningi málsins í héraði verður það ráðið, að stefndi hafi gefið ofanefnt greiðsluloforð með það fyrir augum, að ábyrgð yrði ekki fram komið á hendur honum fyrir brot hans á banninu við dragnótaveiðum. Styðst þetta og við það, að enginn reki hefir verið gerður að því máli, enda þótt nú séu liðin 4 ár síðan brotin voru framin og rannsókn út af þeim fór fram, auk þess sem allur aðdragandinn að loforðinu bendir til hins sama. Það verður því að líta svo á, sem þessi forsenda stefnda fyrir greiðsluloforði hans hafi verið uppfyllt. Í annan stað setti stefndi berum orðum þau skilyrði fyrir greiðsluskuldbindingu sinni:

a) Að hreppsnefnd Gerðahrepps leyfði og legði til, að landhelgin á áðurnefndu svæði yrði opnuð fyrir dragnótaveiðar, og

b) að bátum með dragnætur yrði leyft að liggja á Varaóslínunni og kasta til norðurs frá henni út fyrir hið leyfða svæði

Um a) Í bréfi sínu 29 okt. 1931 bað hreppsnefndin atvinnumálaráðherra að leyfa dragnótaveiðar á nefndu svæði frá þeim degi til 1. desember næstan á eftir. Nú mátti bæði stefnda og hreppsnefndinni vera það kunnugt, að atvinnumálaráðherra hafði skömmu áður, þann 12. okt. 1931, leyft með reglugerð nr. 92 dragnótaveiðar í landhelgi undan Keflavíkurhreppi, þar sem stefndi var búsettur, aðeins frá 15. október til 30. nóvember þetta ákveðna ár. Það var því eðlilegt, að hreppsnefndin héldi sér í bréfi sínu 29. okt. 1931 við tímatakmarkið 1. desem-

ber s. á. og virðist hún hafa mátt gera ráð fyrir því að stefndi og félagar hans létu sér nægja með sama tímatakmark úr því að þeir tóku ekki beinlínis fram hið gagnstæða. Það verður því að lita svo á, að hreppsnefndin hafi að þessu leyti fullnægt þeim skilyrðum, sem stefndi setti fyrir greiðsluloforði sínu til hreppsins.

Um b) Hreppsnefndin nefndi þetta atriði að visu ekki í bréfi sínu, og í reglugerðinni frá 2. nóv. 1931, er leyfði dragnótaveiðar á oftnefndu svæði, er ekki heldur að þessu atriði vikið. En bæði er það, að þetta atriði virðist ekki, þegar litið er til alls aðdragandans að greiðsluloforðinu 1. nóv. 1931, svo verulegt, að það skipti máli um gildi skuldbindingarinnar, og svo það að ekki þykir líklegt að um það hefði verið fengizt þótt kastað hefði verið í norður frá Varaóslínunni á því mánaðartímabili, er leyfið til dragnótaveiða á ofannefndu svæði stóð. Það verður því ekki talið, að vanefndir af hálfu hreppsnefndarinnar á þessu atriði geti leyst stefnda undan greiðsluloforði hans.

Með því að hinar varnarástæður stefnda, þær er í hinum áfrýjaða dómi greinir, geta ekki heldur leyst stefnda undan oftnefndri skuldbindingu hans, þá verður að dæma hann til að greiða áfrýjanda umstefndar kr. 500.00 með 5% ársvöxtum frá stefnu-degi, 8. des. 1932, til greiðsludags.

Eftir ástæðum þykir rétt að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Albert Bjarnason, formaður í Keflavík, greiði áfrýjanda, hreppsnefnd Gerðahrepps

f. h. hreppsins, kr. 500.00 með 5% ársvöxtum frá 8. des. 1932 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 8. dezbr. f. á. hefir stefnandinn hreppsnefnd Gerðahrepps í Gullbringusýslu, f. h. hreppsins, krafizt þess, að stefndur útgerðarmaður, Albert Bjarnason, verði dæmdur til greiðslu á kr. 500.00 auk 5% ársvaxta frá 1. jan. 1932 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eða eftir reikningi.

Tílefni máls þessa tjáir stefnandinn vera það, að stefndur hafi hinn 1. nóvember 1931 tekizt á hendur skuldbindingu um að greiða ofangreinda upphæð til Gerðahrepps, svo framarlega sem hreppsnefndin leyfði og legði til við atvinnumálaráðherra, að opnuð yrði fyrir dragnótaveiðum landhelgin frá Keflavíkurhreppi og að miði Varaósvitanna, enda þar með leyfilegt fyrir báta með dragnætur, að liggja á greindri línu og kasta norður. — Þessum skilmálum telur stefnandinn vera fullnægt, og beri því stefndum að greiða þá upphæð, sem hann hafi lofað.

Stefndur, eða umboðsmaður hans, hefir undir rekstri málsins krafizt algerðrar sýknunar í málinu, og stefnandann dæmdan til þess að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, aðallega af þeirri ástæðu, að fyrrgreind skuldbinding stefnda sé með öllu ógild sakir þess, að hún sé gagnstæð lögum og velsæmi, þar sem hreppsnefndin hafi með hinu framlagða skuldbindingarskjali látið kaupa sig til þess að gera umræddar tillögur til atvinnumálaráðherra, eða ákveðnar tillögur, er hreppsnefndin vitanlega átti að gera eftir beztu sannfæringu og þannig gert sig seka eða brotlega gegn 118. gr., sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Ennfremur tekur stefndur það fram og upplýsir, að hreppsnefndin hafi þegar 3 dögum áður en stefndur hafi

undirskrifað skuldbindingu sína, verið búin að samþykkja tillögur til ráðherrans — tillaga hreppsnefndararinnar, dags. 29. okt. 1931, en skuldbinding stefnds eigi útgefin fyrr en 1. nóvbr. s. á., og hún þannig látið kaupa sig til að gera það, sem hún þegar, án vitundar stefnds, hafi gert. —

Þá heldur stefndur því fram, að tillaga hreppsnefndar til atvinnumálaráðherra, er fyrr greinir, eigi sé í samræmi við skuldbindingarskjal stefnds, þar sem í henni sé aðeins farið fram á leyfi til dragnótaveiða frá 29. okt. til 1. dez. 1931, í stað óákveðins tíma, samkvæmt skilyrði í skuldbindingu stefnds, og loks, að hið leyfða dragnótaveiðarsvæði samkvæmt tillögum hreppsnefndar aðeins nái „frá línu, er liggur um hreppamörk Gerðahrepps og Keflavíkurhrepps, að línu, er liggur þannig, að Varaósvitaljósinn beri saman“, í stað þess samkvæmt skuldbindingu stefnds, að opnuð sé fyrir dragnótaveiðum landhelgin „frá Keflavíkurhreppi og að miði Varaósvitanna saman, enda sé leyfilegt fyrir báta með dragnætur að liggja á greindri línu og kasta norður“.

Aðalvarnarastæða stefnds eða umboðsmanns hans, verður eigi tekin til greina, sökum þess, að hvorki hreppsnefndinni í heild sinni eða einstökum meðlimum hennar er ætluð hin umstefnda fjárhæð persónulega sem opinberum sýslunarmönnum, þótt þannig sé að orði komist í skuldbindingu stefnds, heldur hreppnum eða hreppsfélaginu til uppbótar fyrir þann fjárhagslega halla, er það verði fyrir vegna fyrirsjáanlegs aflatjóns hreppsbúa á og utan þess svæðis fyrir landi hreppsins, er hin leyfða dragnótaveiði valdi þeim, er önnur veiðarfæri noti á umræddu fiskisvæði.

Það virðist vera nægilega upplýst í málinu, að fyrumgetin tillaga hreppsnefndar um leyfi til dragnótaveiða á umræddu svæði, samþykkt 29. okt. 1931, hafi óbreytt verið send hlutaðeigandi ráðherra, hvort þetta hefir átt sér stað fyrir eða eftir að stefndur undirskrifaði skuldbindingu sína 1. nóvbr. það ár um fjárgreiðsluna til hreppsins, og eigi verður álitð, gegn mótmælum stefnds, að honum hafi verið kunnugt um innihald tillögu þessarar, sem og kemur í bága við skilyrði sett í skuldbindingu

hans, en í máli þessu getur aðeins komið til greina, hvort tillaga hreppsnefndar hefir verið í samræmi við skilyrði þessi, en því óviðkomandi hvern framgang tillagan hefði hjá hlutaðeigandi ráðuneyti, eða hvort samþykkt eftir tilögum hreppsnefndar var lögformleg eða eigi.

Með því nú að álíta verður, að ósamræmi það, er fyrr greinir, á tillögu hreppsnefndar og skilyrðum í skuldbindingu stefnds, sé svo verulegt eða það verið svo þýðingarmikið fyrir stefndan, að ganga megi út frá, að stefndur eigi hefði lofað hinni umstefndu fjárhæð, ef hann hefði vitað að svo var, sem hann og hefir haldið fram, virðist eiga að taka kröfu hans um sýknu til greina, bæði að því er aðal- og aukakröfu stefnanda áhrærir, en málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Mánudaginn 4. nóvember 1935.

Nr. 89/1935. Réttvísir og valdstjórnin

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Péttri Guðfinnssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Brot á bifreiðalögum og 200. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. apríl 1935: Ákærður, Pétur Guðfinnsson, sæti einföldu fangelsi í 40 daga. En fangelsisrefsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa verði skilorð laga nr. 39 frá 1907 haldin.

Ákærður skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði ailan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 65 krónur til skipaðs verjanda síns Ólafs Þorgrimssonar lögfræðings.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.